

Norðurlandaráð

HVÍTBÓK

Spennandi starfsmiðað nám á Norðurlöndum

Efnisyfirlit

Samantekt 3

Bakgrunnur 4

Tilgangur 7

Starfsgreinabundnar hindranir 12

Spennandi starfsmiðað nám á Norðurlöndum 20

Tækifæri fyrir aukið norrænt samstarf 27

Viðauki 35

Þátttakendur í hugveitunni 36

Ráðgjafateymi 40

Lesefni 41

Um ritið 43

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
https://pub.norden.org/nord2022-030

Samantekt

Skortur á faglærðu vinnuafli er stór áskorun á Norðurlöndum. Í dag eiga margir atvinnurekendur erfitt með að ráða til sín fólk úr ákveðnum fagstéttum. Og áskoranirnar fara vaxandi.

Greiningar hafa sýnt að Norðurlöndin í heild sinni gæti skort mörg hundruð þúsund faglærða[1] starfmenn eftir 10-15 ár.

Takist ekki að snúa þessari þróun við hefur það alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir samfélög Norðurlanda. Skortur á faglærðu starfsfólki mun gera löndunum erfiðara fyrir að styðja við græn umskipti, efla heilbrigðisþjónustu, þróa nýja tækni o.s.frv. Það myndi jafnframt hafa í för með sér að Norðurlönd næðu ekki að uppfylla framtíðarsýn forsætisráðherranna um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Norðurlandaráð skipaði árið 2022 hugveitu með aðilum sem geta haft áhrif á þessar áskoranir. Hugmyndin er að koma öllum sjónarmiðum og hugmyndum saman og skapa vettvang þar sem þessir aðilar geta unnið saman að sjálfbærum lausum á áskoruninni. Lausna sem hafa stuðning þeirra sem þurfa að innleiða þær.

Meðlimir hugveitunnar eru sammála um að Norðurlöndin standi frammi fyrir miklum og flóknum áskorunum og að ekki sé alltaf til staðar þekking til að leysa rót vandans.

Hugveitan telur því að nú þurfi öll löndin að einbeita sér að því að skapa vettvang fyrir uppbyggilegt og skilvirkt samstarf til að leysa þessi vandamál. **Almennar forsendur fyrir þessu eru tvær:**

- **Aukin þekking:** Þörf er á betri yfirsýn og nákvæmari þekkingu á því hvaða færni mun skorta í framtíðinni. Auk þess er þörf á aukinni þekkingu um bestu venjur við lausn á vandamálum svo miðla megi þeim til að þær nýtist alls staðar á Norðurlöndum.
- **Nýr vettvangur:** Norrænt samstarf á þessu sviði þarf að fela í sér samráð milli viðkomandi aðila í einstökum löndum. Í dag hafa þessir aðilar sjaldan tilefni til að hittast á vettvangi, þar sem hægt er að ræða vandamál, og þar sem ákvörðunarvald er fyrir hendi.

Hugveitan hittist fimm sinnum á fyrri hluta árs 2022 áður en þessi hvítbók var tekin saman. Alls leggur hugveitan til að gripið verði til 8 beinna aðgerða.

1. Damm, Emilie Agner; Jensen, Troels Lund; Hansen, Freja Thim: Danmark mangler 99.000 faglærte i 2030 (AE - Arbejder- bevægelsens Erhvervsråd, 2021); Svenskt Näringsliv: Framtidens yrkesutbildning - Ge branscherna makten (Svenskt Näringsliv, 2022)

Bakgrunnur

Á Norðurlöndum velja of fá ungmenni að sækja sér starfsmenntun. Á stórum svæðum á Norðurlöndum er nú þegar skortur á faglærðu starfsfólki og áskorunin verður aðeins stærri ef þessi þróun helst óbreytt.

Til dæmis mun í Danmörku skorta 99.000 faglærðra árið 20302[2], og í Svíþjóð má vera að um 290.000 faglærða muni skorta árið [3], verði ekkert að gert.

Áskorunin verður aðeins stærri ef þróunin helst óbreytt

Þekkt er að starfsmenntun þykir ekki spennandi kostur í dag og ýmis svæðisbundin og landsbundin verkefni eru í gangi til að gera hana að meira aðlaðandi kosti. Hins vegar er lítið um verkefni sem samræma lausnir eða bestu venjur milli Norðurlanda.

Ofan á lítinn áhuga á starfsmenntun bætist vandamálið að stjórnsýsluhindranir sem starfsgreinarnar sjálfar setja (starfsgreinabundnar hindranir) gera fólki oft erfitt fyrir að nýta starfsmenntun sína í öðru norrænu landi. Það getur til dæmis verið vegna þess að vottorð eða menntun er ekki viðurkennd utan útgáfulandsins. Dæmi um hindranir á borð við þessar hafa greinst í fyrri verkefnum en ekki hefur enn náðst samkomulag um samnorrænar lausnir sem leysa fyrirliggjandi hindranir og koma í veg fyrir að nýjar myndist í framtíðinni.

Norðurlandaráð hefur þess vegna óskað eftir því að sett verið í gangi samráðsverkefni með áherslu á tvö meginviðfangsefni:

- Hvernig getur norræn samvinna leyst úr starfsgreinabundnum hindrunum til að fólk geti nýtt starfsréttindi í öðru norrænu ríki?
- Hvernig getur norræn samvinna leitt til þess að fleiri íbúar Norðurlanda velji starfsnám?

Í þessu augnamiði ákvað Norðurlandaráð í lok árs 2021 að setja í gang verkefni sem safnar saman viðeigandi aðilum í sameiginlegri hugveitu.

Hugmyndin er að öll sjónarmið og hugmyndir fái að heyrast til að aðilarnir geti unnið saman að sjálfbærum lausnum með stuðningi þeirra sem koma til með að innleiða þær. Hugveitunni hefur verið falið það hlutverk að skapa sameiginlegan

2. Damm, Emilie Agner; Jensen, Troels Lund; Hansen, Freja Thim: Danmark mangler 99.000 faglærte i 2030 (AE - Arbejderbevægelsens Erhvervsråd, 2021)
3. Svenskt Näringsliv: Framtidens yrkesutbildning - Ge branscherna makten (Svenskt Näringsliv, 2022)

skilning um þessar áskoranir og finna möguleika á lausnum og verkefnum sem geta stuðlað að sameiginlegri norrænni nálgun gagnvart vandamálunum.

Hugveitan hittist fimm sinnum á fyrri hluta ársins 2022 áður en ráðleggingar hennar voru teknar saman í þessari hvítbók.

Tilgangur hvítbókarinnar er að gefa yfirlit yfir afrakstur af starfi hugveitunnar, þar á meðal ráðleggingar hennar um tiltekin verkefni.

Aðgerðir hugveitunnar eru lagðar fyrir þingmenn Norðurlandaráðs, sem fylgja þeim eftir og ákveða hverjum þeirra óskað verði að Norræna ráðherranefndin fylgi eftir. Ráleggingar hugveitunnar eru einnig lagðar fyrir viðeigandi embættismannanefndir Norrænu ráðherranefndarinnar. Aðrir aðilar geta einnig hafið aðgerðir með eða án stuðnings pólitískra stofnana.



Tilgangur og markmið

Tilgangur hugveitunnar er að tryggja undirstöður nauðsynlegs starfsmenntaðs vinnuafls framtíðarinnar á Norðurlöndum og efla frjálsa för fólks og fyrirtækja á Norðurlöndum.

Markmið verkefnisins er að skilgreina útlínur einstakra verkefna sem geta m.a. orðið að veruleika með því að Norðurlandaráð samþykki tillögurnar eða beini öðrum fyrirspurnum eða tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar.

Að því er varðar starfsgreinabundnar hindranir er í verkefninu lögð áhersla á að lausnir þurfi að vera almennar og að þær geti leyst eða átt þátt í að leysa margar hindranir fremur en aðeins eina í einu.

Hvað varðar þann þátt að auka áhuga á starfsmenntun er áhersla lögð á að stuðla að betri skilningi á afleiðingum vandans og að bæta bestu venjur á Norðurlöndum.

Sameiginlegar aðgerðir verða að tryggja heildstæðar lausnir sem bregðast við rót vandans í eitt skipti fyrir öll og tryggja langvarandi, skilvirkar og samræmdar norrænar aðgerðir.

Tilgangur

Hugveitan hittist fimm sinnum til að ræða um mismunandi efni tengd spurningunum tveimur. Hugveituna skipa fulltrúar vinnumarkaðarins, starfsmenntaskólanna, ungs fólks og þings Norðurlandaráðs.

Hugveitan hefur auk þess aðgang að ráðgjafateymi sérfræðinga á einstökum sviðum. Hugveitan hefur stöðugt getað leitað til meðlima ráðgjafateymisins og hefur ráðgjafateymið sömuleiðis fengið tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum um þessa skýrslu. Nánari upplýsingar um hlutverk ráðgjafateymisins og lista yfir meðlimi hans er að finna í viðauka.

Hugveitan nýtur stuðnings samtarfsaðila Norðurlandaráðs, Resonans Nordic, en fulltrúar hans eru:

- Jakob Rasborg: Ábyrgðaraðili verkefnisins, stjórnandi funda hugveitunnar og aðalhöfundur þessarar skýrslu.
- Emil Kragh-Schwarz: Verkefnisstjóri og meðhöfundur þessarar skýrslu.

Meðlimir hugveitunnar

Þar sem hugveitan leggur áherslu að finna almennar lausnir hefur þótt mikilvægt að meðlimir hennar hafi almenna þekkingu og geti fundið lausnir sem hafa almennt notagildi. Þeir hafa engu að síður getað boðið samstarfsfólki með sértækari þekkingu á fundi hugveitunnar þegar slíkrar þekkingar var þörf, til dæmis í tengslum við tilteknar atvinnugreinar, verkefni eða mál. Fastir meðlimir hugveitunnar eru eftirfarandi:

Fulltrúar vinnumarkaðarins

Fulltrúar vinnumarkaðarins eru í mörgum tilvikum aðilar sem geta leyst úr stjórnsýsluhindrun með því að viðurkenna námskeið, vottorð, menntun eða skilríki þvert á landamæri á Norðurlöndum. Þeir geta einnig komið á framfæri sjónarmiðum launþega og vinnuveitanda til að auka áhuga á starfsmiðuðu námi.

Fulltrúar launþega eru:

- Magnus Gissler, NFS – Samband norrænna verkalýðsfélaga
- Milla Järvelin, NFS – Samband norrænna verkalýðsfélaga

Fulltrúar atvinnurekenda eru:

- Mia Bernhardsen, Svenskt Näringsliv
- Pär Lundström, Installatörsföretagen
- Tormod Skjerve, Skjerve Kompetanse (Noregi)
- Mirja Hannula, EK – Finlands Näringsliv
- Claus Rosenkrands, Dansk Erhverv

Starfsnámsskólar

Þeir aðilar sem bjóða upp á starfmenntun upplifa að nám þeirra sé ekki viðurkennt í öðrum norrænum löndum. Sumir þerra vilja vera hluti af lausninni – til dæmis með því að breyta námsskrám eða leggja fram þekkingu sem getur gagnast við hrekja þá hugmynd að menntunin sé ófullnægjandi. Starfsnámsskólar eru í kjörstöðu til að greina hvernig auka megi áhuga ungs fólks á því námi sem þau bjóða. Fulltrúar starfsnámsskóla eru:

- Leif Lahti, Utbildning Nord (Svíþjóð, Finnlandi og Noregi)
- Ole Heinager, Danske Erhvervsskoler og Gymnasier
- Hildur Ingvarsdóttir, Tækniskólanum

Æskulýðssamtök

Ungt fólk er kjarninn í markhópi starfsmenntunar. Þess vegna er lykilatriði að fá sjónarmið þeirra um efnistök einstakra verkefna til að gera starfsmenntun áhugaverðari. Æskulýðssamtök hafa tekið þátt á fundum 3, 4 og 5 og fulltrúi þeirra er:

- Annika Lyytikäinen, Norðurlandaráð æskunnar

Þingmenn

Þingmenn Norðurlandaráðs taka þátt í hugveitunni með því að gefa innsýn sína inn í hönnun einstakra verkefna. Það er gert til að tryggja faglega innsýn og til að tryggja að tillögum hugveitunnar verið komið á framfæri með þeim hætti sem gefur þeim slagkraft og stuðning í stjórnmálakerfinu. Fulltrúar þingsins eru:

- Bertel Haarder, forsætisnefnd
- Lulu Ranne, forsætisnefnd
- Jorodd Asphjell, forsætisnefnd
- Veronika Honkasalo, þekkingar- og menningarnefnd
- Liv Kari Eskeland, hagvaxtar- og þróunarnefnd
- Kjell-Arne Ottosson, hagvaxtar og þróunarnefnd

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð er eigandi verkefnisins og sendandi verkefnisins, efnis þess og aðgerða. Norðurlandaráð ber ábyrgð á að koma afrakstri af vinnu hugveitunnar til skila til viðeigandi aðila. Skrifstofa Norðurlandaráðs hefur auk þess tekið þátt á öllum fundum hugveitunnar, þar sem fulltrúar hennar hafa verið til staðar til að svara spurningum meðlima hugveitunnar. Fulltrúar skrifstofunnar eru:

- Michael Matz, þekkingar- og menningarnefndin
- Claes Håkansson, hagvaxtar- og þróunarnefndin

Í viðauka er að finna stutt ágrip um hvern meðlim hugveitunnar.

Stjórnsýsluhindranaráð

Stjórnsýsluhindranaráðið meðfjármagnar verkefnið og tekur þátt í hugveitunni. Það er til að tryggja að uppbyggilegar og varanlegar lausnir finnist, sérstaklega í tengslum við starfsgreinabundnar hindranir. Auk þess á ráðið þátt í að tryggja að ráðleggingar hugveitunnar verði formaðar og þeim komið til skila á máta sem gefur þeim slagkraft og stuðning bæði innanlands og á norrænum vettvangi. Fulltrúi ráðsins er formaður þess árið 2022:

- Vibeke Hammer Madsen

Ferlið eins og það leggur sig

Hugveitan hefur fundað fimm sinnum. Fulltrúar þingsins sátu ekki fyrstu fjóra fundina. Á þessum fundum var leitast við að skapa sem mest rými fyrir ítarlegar umræður um hugmyndir og framtíðarsýn meðal þeirra sem best þekkja til viðfangsefnisins.

Þingmönnunum voru svo kynnt drög að tillögum á fimmta fundinum. Þar gafst þeim tækifæri til að ræða um tillögurnar og koma með ábendingar til að þær falli að stjórnmálakerfinu.

Á fyrstu fjórum fundunum var rætt um eitt þema – á þeim tveimur fyrstu um starfsgreinabundnar hindranir og á næstu tveimur um hvernig auka megi áhuga:

Fundur 1: Gangsetning og starfsgreinabundnar hindranir

Samstarfið hafið og áhersla lögð á að skapa sameiginlegan skilning á áskorunum tengdum starfsgreinabundnum hindrunum og ramma utan um vinnu að mögulegum lausnum.

Fundur 2: Starfsgreinabundnar hindranir

Áhersla lögð á hugmyndir að aðgerðum sem þarf að framkvæma til að leysa úr starfsgreinabundnum hindrunum.

Fundur 3: Að vekja áhuga

Áhersla lögð á að öðlast sameiginlegan skilning á áskorunum tengdum því að gera námið áhugaverðara til að geta unnið að mögulegum lausnum.

Fundur 4: Að vekja áhuga

Áhersla lögð á að finna hugmyndir að aðgerðum sem þarf að framkvæma til að gera starfsmenntun að áhugaverðari kosti.

Fundur 5: Kynning fyrir þingmönnum

Kynning á drögum að ráðleggingum fyrir þingmönnum og umræður um breytingar.

Á milli funda hélt Resonans Nordic tvíhliða fundi með einstökum meðlimum til að samræma væntingar og gefa ítarlegar ábendingar um tillögur hugveitunnar.

Þessi skýrsla lýsir þeim aðgerðum sem hugveitan komst að samkomulagi um. Skýrslan hefur verið kynnt fyrir öllum meðlimum hugveitunnar og ráðgjafateymisins, sem hafa fengið tækifæri til að koma með athugasemdir.

Auk þessarar skýrslu verður vinna hugveitunnar kynnt og rædd á ráðstefnu snemma árs 2023.

Núverandi þekking og mál

Áður en hugveitan var sett á laggirnar safnaði verkefnahópurinn upplýsingum um lesefni sem til er á þessu sviði og safnaði saman því sem mestu máli skiptir þannig að allir þátttakendur í hugveitunni og rágjafateyminu hefðu aðgang að lesefni á þeim sviðum þar sem þá skorti þekkingu.

Auk þess voru allir þátttakendur í hugveitunni og ráðgjafateymið hvattir til þess að skiptast á greinum, skýrslum og öðru lesefni sem máli skipti. Þetta var gert í sameiginlegum hópi á Microsoft Teams. Upplýsingar um lesefni sem sameiginlega var byggt á er að finna í viðauka.

Auk þekkingar sem almennt er aðgengileg var við vinnu hópsins byggt á þeirri þekkingu sem meðlimir hans búa yfir og þeirrar þekkingar sem til var innan þeirrastofnana sem þeir starfa fyrir.

Hugveitan hefur ekki haft bolmagn til að standa sjálf fyrir frekari rannsóknum. Hún hefur hins vegar getað ráðlagt að tiltekin svið sem ekki hafa verið rannsökuð nóg til þessa verði rannsökuð nánar. Í slíkum tilvikum þarf hugveitan að skilgreina eins vel og hægt er hvað þarf að rannsaka til að grundvöllur vinnunnar verði sem bestur.



Starfsgreinabundnar hindranir

Hvernig getur norræn samvinna rutt úr vegi starfsgreinabundnum hindrunum sem aftra fólki frá að nýta starfsréttindi í öðru norrænu ríki?

Áskoranir í dag

Starfsgreinabundnar hindranir hvað varðar starfsréttindi hafa verið á borði norrænnar samvinnu í mörg ár.

Sjónum var fyrst beint að málinu í tengslum við ráðstefnuna *Hagvöxtur á Norðurlöndum* árið 2015 þar sem fulltrúar atvinnulífs og stjórnmálafólk frá öllum norrænu ríkjunum hittust til að ræða möguleika á samstarfi um aukinn hagvöxt á Norðurlöndum.

Þar var voru starfsgreinabundnar hindranir nefndar sem mikilvægt málefni en jafnframt viðurkennt að þekkingu skorti um málið. Á grundvelli þessa fór Norræna ráðherranefndin árið 2020 fram á samantekt um starfsgreinabundnar hindranir á Norðurlöndum.

Ráðgjafafyrirtækið Rambøll fékk það verkefni að vinna greiningu og niðurstöðurnar voru birtar í skýrslunni „Kortlægning af brancheregulerede barrierer for mobilitet i Norden" (Kortlagning á starfsgreinabundnum hindrunum á hreyfanleika innan Norðurlanda). Skýrslan telur ekki upp allar hindranir en nefnir sérstaklega 11 tilvik.

> ***Hugsmiðjan tekur fram að erfitt geti reynst að hafa yfirsýn yfir allar slíkar hindranir til framtíðar***

Með skýrslu Rambølls að leiðarljósi setti Ráðherranefndin árið eftir í gang verkefni sem skyldi ryðja úr vegi sex af þeim 11 tilvikum hindrana sem nefnd voru. Verkefnið verður í gangi fram til ársins 2022 og verkefnishópurinn mun hafa samráð við hugsmiðjuna sem mun styðjast við reynslu sína af tilvikunum sex í vinnu sinni.

Rannsóknir og greining hugsmiðjunnar á sviðinu taka m.a. mið af skýrslu Rambølls og verkefnis um lausn á hinum sex umræddu tilvikum hindrana. Auk þess hafa meðlimir hugsmiðjunnar sjálfrar miðlað eigin þekkingu og reynslu á sviðinu

Það er niðurstaða hugsmiðjunnar að í framtíðinni verði erfitt að fá yfirsýn yfir allar hindranir þar sem kröfur starfsgreina breytast og hindranir hverfa og nýjar koma í staðinn.

Tegundir starfsgreinabundinna hindrana

Hugsmiðjan hefur kosið að skipta starfsgreinabundnum hindrunum í nokkra hópa þar sem hver hópur kallar á tilteknar lausnir. Þannig er hægt að koma með almennar lausnir í stað þess að bregðast við hverju tilviki hindrunar með sérstakri lausn. Það var þannig niðurstaða hugsmiðjunnar að starfsgreinabundnum hindrunum er varða nýtingu á starfsmenntun mætti skipta upp í þrjá hópa: Hindranir sem stafa af:

- vandamálum tengdum upplýsingum
- vandamálum tengdum hæfni
- vandamálum tengdum samráði

Á næstu síðum verður þessum tegundum vandamála lýst og hvernig þau verða best leyst. Það ber að nefnda að hindrunum geta fylgt fleiri tegundir af vandamálum. T.d. má oft sjá að vandamálum tengdum hæfni fylgir oft vandamál tengd upplýsingum.

Vandamál tengd upplýsingum

Það er álit hugsmiðjunnar að stór hluti hindrana er tengjast nýtingu á starfsmenntun í öðru norrænu landi sé í raun ekki eiginlegar hindranir.

Frekar mætti tala um upplifun á hindrunum sem byggist á mýtum og ranghugmyndum um kröfur og reglur. Til dæmis gæti atvinnuleitandi metið það svo hann geti ekki nýtt starfsmenntun sína í öðru norrænu landi af þeirri ástæðu að hann finnur ekki upplýsingar um að menntunin sé tekin gild í viðkomandi landi. Annað dæmi gæti verið að atvinnurekendur forðist að ráða starfsfólk eða birgja frá öðru landi því þeir telji að starfsmenntun þeirra sé ekki tekin gild í landi atvinnurekandans.

> ***Stór hluti hindrana á nýtingu starfsmenntunar í öðru norrænu landi eru ekki hindranir í raun og veru***

Það er mat hugsmiðjunnar að til séu margar hindranir af þessu tagi og að þær geti heft frjálsa för á Norðurlöndum. Þá er það skoðun hugsmiðjunnar að auðvelt sé að vinna bug á þessum hindrunum einfaldlega með því að gera réttar upplýsingar aðgengilegar fyrir viðkomandi aðila.



Vandamál tengd hæfni

Annar flokkur hindrana tengist skorti á hæfni. Einnig hér er það mat hugsmiðjunnar að nokkur fjöldi hindrana sé af þessari tegund.

Hér er rætt um nauðsynlegar hindranir í þeim skilningi að atvinnuleitanda skortir hæfni til að geta unnið í öðru norrænu landi.

Gott dæmi um það er að margir finnskir vinnuveitendur krefjast að starfsfólk og verktakar sæki námskeið í öryggismálum þar sem m.a. er fjallað um aðstæður sem eru sérstakar fyrir Finnland og þannig ekki hægt að tileinka sér á námskeiðum í hinum norrænu löndunum. Hér er um að ræða viðbótarnám sem nauðsynlegt er til að starfa í Finnlandi. Þetta er sem sagt óumflýjanleg hindrun sem eingöngu er hægt að draga úr með auknum eða betri upplýsingum.

Þetta tilfelli er einnig gott dæmi um að vandamál tengd hæfni geti virst stærri en þau eru, þ.e.a.s. að þau fela oft í sér vandamál sem tengjast upplýsingum. Hægt er að ljúka finnska námskeiðinu á einum degi og það kostar á milli 69 og 100 evrur. Það er skilningur hugsmiðjunnar að þessi hindrun sé í senn nauðsynleg og yfirstíganleg.

Tæknilega eru slíkar hindranir takmarkandi í eðli sínu. Það er oft erfitt fyrir einstaklinga að fá yfirsýn yfir hversu langan tíma og hvað það kostar að yfirstíga

slík vandamál. Þess vegna kunna þau að virðast óyfirstíganlegri en þau í raun eru. Því ætti að fara að tillögum hugsmiðjunnar um að bæta upplýsingar.

Vandamál tengd samráði

Síðasta tegund hindrana nefnir hugsmiðjan vandamál tengd samráði. Öfugt við vandamál tengd hæfni skapa vandamál tengd samráði hindranir sem eru óþarfar. Slíkar hindranir verða frekar vegna skorts á samráði á milli viðkomandi aðila á Norðurlöndunum.

> ***Öfugt við vandamál tengd hæfni skapa vandamál tengd samráði hindranir sem eru óþarfar.***

Hér mætti t.d. nefna hindranir þar sem nám er ekki viðurkennt á milli landa. Það er vegna þess að ekki hafa verið gerðir samningar um gagnkvæma viðurkenningu náms, jafnvel þótt námið sé að mestu leyti sambærilegt. Slík vandamál má leysa með stuttum námskeiðum fyrir atvinnuleitendur sem nýta ætla menntun sína í öðru norrænu landi.

Eitt dæmi má taka úr Rambøll-skýrslunni *Kortlægning af brancheregulerede barrierer for mobilitet i Norden*: Í Svíþjóð eru norsk prófskírteini byggingarmanna sjálfkrafa viðurkennd en ekki dönsk eða finnsk skírteini, jafnvel þótt danskt og finnskt nám sé að mati hugsmiðjunnar í stórum dráttum sambærilegt því sænska.

Þess vegna má telja að þessi hindrun liggi að mestu leyti í því að skortur sé á samráði viðkomandi aðila í löndunum. Slíkt samráð myndi líklega leiða í ljós að danska og finnska námið sé vel hægt að viðurkenna sjálfkrafa.

Það er mat hugsmiðjunnar að slíkar tegundir hindrana sé yfirleitt hægt að leysa ef komið sé á samráði á milli starfsgreinanna og menntastofnana.

> ***Áhersla hefur verið lögð á að finna varanlegar og almennar lausnir sem myndu gera svona skýrslugjöf óþarfa í framtíðinni.***

Mögulegar aðgerðir

Hér að neðan verðar kynnar tillögur að lausnum á þessum þremur tegundum vandamála.

Áhersla hefur verið lögð á að finna varanlegar og almennar lausnir sem myndu gera svona skýrslugjöf óþarfa í framtíðinni.

Lausnirnar eru settar fram með það í huga að nýta þá vinnu sem þegar hefur farið fram á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Þessar lausnir þurfa því ekki að vera kostnaðarsamar.

Aðgerð 1: Tilkynningakerfi um hindranir

Þrátt fyrir rannsóknir og stöðumat hafa farið fram um málið er ekki til fullnægjandi yfirlit yfir starfsgreinabundnar hindranir hvað varðar starfsmenntun. Það er meðal annars vegna þess að sviðið er í stöðugri þróun þar sem nýjar hindranir koma sífellt fram. Ef nýjar hindranir koma sífellt fram þarf að bregðast við þeim jafnóðum.

Þeir aðilar sem mæta hindrunum hafa ekki virkan aðgang að neinu tilkynningarkerfi. Það er mat hugsmiðjunnar að ef hægt verður að auðkenna hindranir jafnóðum með kerfisbundnum hætti ætti að vera hægt að ryðja þeim flestum úr vegi með upplýsingagjöf.

Tillögur

Hugsmiðjan leggur til að Norræna ráðherranefndin nýti eina af þeim tveimur tilkynningaleiðum sem þegar eru til staðar til að tilkynna um stjórnsýsluhindranir. Nýta má kerfið til að tilkynna jafnóðum hindranir hvað varðar nýtingu starfsréttinda.

Tilkynningakerfið er nú þegar í notkun og það ætti að vera hægt að nota til að tilkynna þessa tegund af hindrunum. En það er þó ekki gert vegna þess að þeir sem mæta þessum hindrunum hefur ekki verið kynnt tilkynningakerfið. Tillagan er því á þá leið að hvetja menntastofnanir, samtök atvinnurekenda og fagfélög til að tilkynna um hindranir hvað varðar starfsréttindi þegar upp koma tilvik sem bregðast ætti við.

Þannig myndi upplýsingaþjónustan hjá Norrænu ráðherranefndinni sjálfkrafa fá tilkynningar um hindranir, óháð því hvort vandamálin tengist upplýsingum, hæfni

eða samráði. Þau gætu svo eftir atvikum tilkynnt málið til stjórnsýsluhindranaráðsins.

Ef um vandamál tengd upplýsingum er að ræða gæti upplýsingaþjónustuna fengið það verkefni að leysa úr vandamálunum jafnóðum. Ef um vandamál tengd hæfni eða samráði er að ræða myndi stjórnsýsluhindranaráðið fá þau til meðferðar.

Kostir

- Betri yfirsýn og skjót auðgreining gerir auðveldara að ryðja hindrunum úr vegi og forgangsraða aðgerðum eftir þörfum.
- Með því að tilkynna um hindranir jafnóðum verður óþarft að leggjast í kostnaðarsama skýrslugerð í framtíðinni.
- Notkun kerfa sem þegar eru til staðar sparar fjármagn.

Aðgerðir

- Vinna skal samstarfslíkan þar sem hlutverk og ábyrgð eru vel skilgreind.
- Hafa skal samband við viðkomandi fagfélög, samtök atvinnurekenda og menntastofnanir og kynna þeim möguleikann á að tilkynna um starfgreinabundnar hindranir.
- Halda skal rásfund til kynningar svo að allir þekki hlutverk sín og ábyrgðasvið í tengslum við þessa nýju lausn.

Aðgerð 2:
Vettvangur fyrir hæfniskröfur

Fjöldi starfsgreinabundinna hindrana snýst um smávægilegan en nauðsynlegan mun á hæfniskröfum í hverju námi.

Þetta skapar óöryggi um hvað gera þurfi til að viðkomandi menntun sé viðurkennd á Norðurlöndum. Slíkar hindranir skilgreinum við sem vandamál tengd hæfni. Í dag er ekki nein lausn á slíkum vandamálum tengdum hæfni vegna þess að engin yfirsýn er til yfir hvort og þá hvernig hægt er að fá starfsmenntun sína viðurkennda á Norðurlöndunum í heild sinni eða bara í öðru norrænu ríki.

> ***Fjöldi starfsgreinabundinna hindrana snýst um smávægilegan en nauðsynlegan mun á hæfniskröfum í hverju námi.***

Tillögur

Hugsmiðjan leggur til að skapaður verði vettvangur þar sem hægt er að fá yfirsýn yfir gildandi hæfniskröfur svo hægt sé að fá starfsmenntun viðurkennda í öðru landi, ef hún er það ekki nú þegar. Þá leggur hugsmiðjan til að til að byrja með verði þekkingu safnað um 50 algengustu tegundir starfsmiðaðs náms á Norðurlöndunum og svo verði smám saman aukið við þann gagnagrunn eftir því sem tilkynningar berast um tilkynningakerfið (sjá kaflanna „Aðgerð 1: Tilkynningakerfi um hindranir“ hér fyrir ofan).

Kostir

- Það eykur hreyfanleika þeirra sem sótt hafa einhverja af 50 stærstu starfsnámsleiðunum á Norðurlöndum.
- Smám saman verður yfirlitið umfangsmeira eftir því sem nýjar hindranir vegna mismunandi hæfniskrafa koma fram.
- Um leið verða þær námsleiðir auðgreindar þar sem engin vandamál eru tengd hæfni og tilkynnt um þær líka.

Aðgerðir

- Fulltrúar menntastofnana, fagfélaga og stamtaka atvinnurekenda munu taka þátt í að tilgreina þessar 50 námsleiðir og í stöðumatinu sjálfu.
- Fara skal fram kortlagning á þeim vandamálum tengdum hæfni í 50 algengustu starfsnámsleiðunum á Norðurlöndum.
- Starfsgreinum, fagfélögum og menntastofnunum skal kynnt verkefnið og þau styðja við það.
- Skapa skal vettvang, hann auglýstur og honum viðhaldið. Það mætti til dæmis skoða hvort upplýsingaþjónustur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, sem þegar hafa það verkefni að upplýsa borgarana, skuli hafa umsjón með því.

Aðgerð 3:
Samráðsvettvangur um starfsmiðað nám

Sjaldgæfasta starfsgreinabundna hindrunin eru vandamál sem tengjast samráði. Þau koma upp vegna þess að skortur er á samráði á milli starfsgreina á Norðurlöndum um viðurkenningu á starfsréttindum jafnvel þótt hæfniskröfur séu sambærilegar. Þetta eru hindranir sem krefjast samráðs svo hægt sé að ryðja þeim úr vegi.

Tillögur

Lagt er til að Norræna ráðherranefndin í gegnum stjórnsýsluhindranaráðið komi á samráðsnefnd þar sem fulltrúar samtaka atvinnurekenda, starfsgreinasamtaka og menntastofnana muni koma sama þegar stjórnsýsluhindranaráðið telur að slíkt sé gagnlegt, t.d. til að:

1. Ræða tilkynningar um stjórnsýsluhindranir vegna vandamála tengdum samráði.
2. Skipuleggja aðgerðir sem ætlað er að koma í veg fyrir slík vandamál til framtíðar.

Kostir

- Til verður samráðsvettvangur viðkomandi aðila um starfgreinabundnar hindranir þar sem fókus er á sérstakar lausnir.
- Komið verður í veg fyrir að hindranir komi upp í framtíðinni með viðeigandi samráði.

Aðgerðir

- Stjórnsýsluhindranaráðið ákveði að koma á fót samráðsnefnd um starfsgreinabundnar hindranir sem tengjast starfsmiðuðu námi.
- Fulltrúar starfsgreina, fagfélga og menntastofnana taka sæti í samráðsnefndinni.
- Skilgreina skal hverjir skuli eiga sæti í samráðsnefndinni fyrir hönd atvinnugreina, fagfélaga og menntastofnana.

Þau koma upp vegna þess að skortur er á samráði á milli starfsgreina á Norðurlöndum um viðurkenningu á starfs-réttindum jafnvel þótt hæfniskröfur séu sambærilegar.

Spennandi starfsmiðað nám á Norðurlöndum

Hvernig getur norræn samvinna leitt til þess að fleiri íbúar Norðurlanda velji starfsnám (og ljúki því)?

Áskoranir í dag

Í flestum norrænu löndunum er þegar skortur á starfsmenntuðu vinnuafli. Um leið sýna útreikningar að þessi vandi muni vaxa á komandi árum.

Til dæmis mun í Danmörku skorta 99.000 faglærðra árið 2030[4] og í Svíþjóð má vera að um 290.000 faglærða muni skorta árið 2035[5] verði ekkert að gert.

> ***Eigi árangur að nást í tengslum við framtíðarsýnina þurfa fyrirtæki og stofnanir einfaldlega að hafa aðgang að rétta vinnuaflinu.***

Verði þetta raunin mun það hafa miklar afleiðingar í för með sér fyrir þróun norræns samfélags. Við munum ekki geta stutt við þróun samfélagsins með faglærðu vinnuafli eins og nauðsynlegt er eigi að tryggja hin grænu umskipti, efla heilbrigðiskerfið, nýja tækni o.s.frv.

Hugsmiðjan er sannfærð um að skortur á faglærðu vinnuafli í framtíðinni stafi af þveimur þáttum:

- Of fá ungmenni velja starfsnám (eða ljúka því).
- Of fáir fullorðnir og faglærðir sækja endurmenntun til að endurnýja kunnáttu sína og halda áfram að vera eftirsóttir starfskrafar.

Þetta hefur í för með sér að í fyrirtækjum er þegar farið skorta fagmenntað starfsfólk og þar sem það fagfólk sem þar starfar í dag sækir sér ekki endurmenntun eykst vandinn enn frekar þar sem það starfsfólk fer að skorta nauðsynlega hæfni.

4. Damm, Emilie Agner; Jensen, Troels Lund; Hansen, Freja Thim: Danmark mangler 99.000 faglærte i 2030 (AE - Arbejderbevægelsens Erhvervsråd, 2021)
5. Svenskt Näringsliv: Framtidens yrkesutbildning - Ge branscherna makten (Svenskt Näringsliv, 2022)

Á heildina litið stefnir í að á Norðurlöndum verði til mikið ójafnvægi á milli þeirrar hæfni sem sköpuð er og þeirrar hæfni sem fyrirtæki þurfa á að halda svo að hægt sé að viðhalda samkeppnishæfni og halda norræna samfélagslíkaninu eins og við viljum hafa það.

Það myndi jafnframt hafa í för með sér að Norðurlönd næðu ekki að uppfylla framtíðarsýn forsætisráðherranna um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Eigi árangur að nást í tengslum við framtíðarsýnina þurfa fyrirtæki og stofnanir einfaldlega að hafa aðgang að rétta vinnuaflinu.

Það er því mikilvægt fyrir samfélögin á Norðurlöndum að við förum að mennta fleira ungt faglært fólk um leið og við tryggjum aukna áherslu á símenntun til þess að það faglærða vinnuafl sem þegar er til viðhaldi stöðu sinni á vinnumarkaði. Aðeins þannig getum við tryggt jafnvægi á milli þeirrar hæfni sem við búum til og þeirrar hæfni sem fyrirtæki og samfélagið almennt hefur þörf á.


> ***Það er því mikilvægt fyrir samfélögin á Norðurlöndum að við förum að mennta fleira ungt faglært fólk um leið og við tryggjum aukna áherslu á símenntun***

Það er þetta jafnvægi sem vinna hugsmiðjunnar á að stuðla að því að endurskapa með því að leggja til verkefni sem tryggt geta betri grundvöll til að taka réttar ákvarðanir og samræma verkefni þvert á Norðurlönd.

Það er ekki verkefni hugveitunnar að leysa ákveðin vandamál heldur frekar að beina kastljósinu að því hvernig við á Norðurlöndum getum í sameiningu nýtt það verklag sem nú þegar er til staðar og þannig stuðla að skjótari lausn þessara mikilvægu vandamála, jafnt innan landanna sem á norrænum vettvangi.

Útgangspunktur hugveitunnar er að leggja beri áherslu á samræmdar lausnir á eftirfarandi sviðum:

- Aukin geta til að laða ungt fólk að
- Aukin áhersla á símenntun
- Mikil áhersla á hæfnijafnvægi



Aukin geta til að laða ungt fólk að

Starfsmiðað nám á Norðurlöndum þarf að vera betur í stakk búið til að laða að ungt fólk sem stendur frammi fyrir því að velja sér nám. Hvað þetta varðar leiða umræður hugveitunnar í ljós að mikilvægt sé að taka tillit til eftirfarandi þátta því þeir eiga að einhverju leyti við alls staðar á Norðurlöndum:

- Strax í grunnskóla er kallað eftir starfsmiðuðu námi
- Hjá sumum er aldrei neitt val um menntun
- Hlutfall kynjanna í starfsmiðuðu námi hræðir umsækjendur frá
- Kynna þarf námsframboð á Norðurlöndum í heild fyrir ungu fólki, ekki aðeins innan hvers lands

Strax í grunnskóla er kallað eftir starfsmiðuðu námi

Hjá flestu ungu fólki hefur reynslan af grunnskólanámi áhrif á val á frekara námi. Í því tilliti sér hugveitan nokkur úrlausnarefni sem ástæða er til að skoða nánar til að greina og miðla besta verklagi þvert á Norðurlönd.

Helstu áskoranirnar tengjast þeirri áherslu á bóknám sem sjá má í grunnskólum alls staðar á Norðurlöndum. Það hefur í för með sér að menntaskólanám virðist í æ ríkari mæli öruggasti kosturinn. Nemendur þekkja flest fögin úr grunnskóla og

kennsluhættir eru að mestu leyti þeir sömu. Til samanburðar eru verknámsfög oft meira framandi þar sem ekki er einfalt að skapa yfirsýn yfir hinn mikla fjölda námsleiða, skóla og námsfyrirkomulags.

Helstu áskoranirnar tengjast þeirri áherslu á bóknám sem sjá má í grunnskólum alls staðar á Norðurlöndum

Samhliða því að ungt fólk reynir síður fyrir sér í verknámsfögum eru kennarar þess og leiðbeinendur oftast líka með bóknámslegan bakgrunn og búa yfir mestri þekkingu á slíku námi. Ekki verður hjá því komist að þetta hafi áhrif á námsval ungs fólks.

Því má bæta við að starfsmiðaðar námsleiðir eru mun margskiptari og því er erfiðara að rata um þær Bóklegt menntaskólanám er tiltölulega almennt og oftast er frekar auðvelt að átta sig á smávægilegum muni á milli skóla og námsleiða. Þessu er á annan veg farið þegar kemur að starfsmiðuðu námi. Í Danmörku er t.a.m. hægt að velja á milli 100 námsgreina auk þess sem taka verður tillit til þess hvar maður getur átt von á að fá skólapláss. Það er því mun erfiðara fyrir kennara og leiðbeinendur að hafa innsýn í tiltekna námsgrein og gefa nemendum góða mynd af henni. Þetta á ekki síst við um minni og sérhæfðari greinar þar sem mikil þörf er á vinnuafli.

Hjá sumum er aldrei neitt val um menntun

Sumt ungt fólk fær enga menntun. Hér sér hugveitan mikið tækifæri til að fjölga faglærðum og um leið sjá til þess að námið stuðli að aukinni félagslegri sjálfbærni á Norðurlöndum með því að færri lendi t.a.m. í atvinnuleysi.

Þetta á ekki síst við í ljósi þess að spár gera ráð fyrir að æ minni þörf verði á ófaglærðu vinnuafli á Norðurlöndum. Hér telur hugveitan einnig að mikil þörf sé á frekari rannsóknum með það fyrir augum að greina og miðla besta verklagi.

Eitt af því sem hugveitan nefnir sem óplægðan akur sem gefa beri nánari gaum er geta starfsmiðaðs náms til að laða til sín og halda í ungt fólk sem er af erlendu bergi brotið.

Kynjahlutfallið hræðir umsækjendur frá

Hugveitan bendir jafnframt á að allt of oft sé hlutfall kynjanna of einsleitt þegar umsækjendur eru teknir inn í starfsmiðað nám. Á þessu sviði eru einnig tækifæri til að greina og miðla besta verklagi.

Sjá má að nánast eingöngu karlmenn sækja í sumar námsleiðir en á öðrum eru konur í miklum meirihluta. Þetta minnkar markhópa viðkomandi námsleiðar mikið og kemur þannig í veg fyrir að hægt sé að laða að nógu marga faglærða.

Fyrst og fremst snýst þetta um það til hverra námið höfðar

Að mati hugveitunnar má rekja þessar áskoranir til ýmissa atriða. Fyrst og fremst snýst málið um það til hverra námið höfðar, formlega og óformlega í gegnum kennara, leiðbeinendur, aðra nemendur, fulltrúa atvinnugreinanna og aðra. Sumum kann einfaldlega að þykja óeðlilegt að leggja það til við stúlku að hún leggi fyrir sig bifvélavirkjun, óháð því hver áhugamál hennar eru og hvaða styrkleikum hún býr yfir í námi.

Jafnframt snýst þetta úrlausnarefni að miklu leyti um menningu og samskiptaleiðir. Innan margra starfsnámsleiða og starfsgreina hefur orðið til menning sem höfðar sérstaklega til tiltekinna markhópa sem eiga auðvelt með að samsama sig þeirri menningu og atferli, og dæmigerðu ímynd af faglærðum einstaklingum, sem er ríkjandi innan greinarinnar. Með öðrum orðum verður menningin innan námsins og starfsgreinarinnar til þess að fólk velur sér ekki viðkomandi leið þrátt fyrir að hún samræmist hæfileikum og áhugasviði þess.

Þá velur ungt fólk sér jafnframt nám út frá þeim fyrirmyndum sem það hefur. Það er því hindrun í vegi breytinga að ungt fólk hefur lítil tækifæri á að hitta fyrirmyndir sem brjóta upp kynjamynstrið eins og það er í dag.

Norrænt úrval í stað innlends

Síðast en ekki síst telur hugveitan að gera þurfi betur í því að laða nemendur frá öðrum norrænum löndum til starfsnáms. Þetta á ef til vill sérstaklega við á landamærasvæðum. Að mati hugveitunnar ber að leggja áherslu á tvo mikilvæga þætti:

Fyrst og fremst þarf að tryggja að hægt sé að nýta starfsmiðað nám þvert á landamæri Norðurlanda eins mikið og hægt er. Um þetta er fjallað í fyrri kafla um starfsgreinabundnar stjórnsýsluhindranir.

Einnig er mikilvægt að viðeigandi nám í öðrum löndum sé kynnt fyrir ungu fólki. Of lítið er um það í dag.

Áhersla á símenntun

Ljóst er að skortur mun verða á fagmenntuðu vinnuafli á Norðurlöndum. Því er mikilvægt að nýta og halda í það fagmenntaða vinnuafl sem við höfum.

Á sama tíma vitum við að þróunin í mörgum starfsgreinum er sífellt hraðari og kallar á nýja hæfni hjá faglærðum. Sem dæmi má nefna bifvélavirkja sem er lærður í að gera við bensín- og díselvélar. Fleiri starfsgreinar þróast einnig hraðar og hraðar.

Ný tækni leikur æ stærra hlutverk og flestir þurfa stöðugt að tileinka sér ný verkfæri og aðferðir.

> ***Þróunin í mörgum starfsgreinum er sífellt hraðari og kallar á nýja hæfni hjá faglærðum. Sem dæmi má nefna bifvélavirkja sem er lærður í að gera við bensín- og díselvélar.***

Því miður telur hugveitan að ekki sé nóg að gert í símenntun faglærðra. Það þýðir að vinnumarkaðurinn missir af hugsanlegu vinnuafli og skortur verður á þeirri nýju hæfni sem þörf er á. Það þýðir einnig að allt of margt fólk á á hættu að verða atvinnulaust þar sem menntun þess á ekki lengur við. Að mati hugveitunnar þarf að setja aukinn kraft í símenntun þeirra sem fyrir eru faglærðir.

Jafnframt er mikilvægt að starfsmenntaskólarnir leggi strax áherslu á að byggja námið upp í takti við tímann þannig að frá upphafi sé miðað við að námið sé aðeins byrjun á námi sem mun standa ævina á enda. Þetta kallar á betra og kerfisbundnara samspil starfsmenntaskólanna og vinnumarkaðarins á vinnustöðum framtíðarinnar.

Mikil áhersla á hæfnijafnvægi

Aðaláhersla hugveitunnar er á að tryggt sé að til framtíðar náist gott jafnvægi á milli þeirrar hæfni sem við búum til og þeirrar hæfni sem fyrirtækin og samfélagið hafa í raun þörf fyrir, jafnt nú sem í framtíðinni. Við öll verkefni sem ráðist verður í í framtíðinni verður að hafa þetta að leiðarljósi til að þau megi stuðla að þessu markmiði.

> ***Það er því ekki nóg að rannsaka hversu mörgum bifvélavirkjum er þörf á. Það skiptir líka máli að uppfæra þekkingu og færni þeirra bifvélavirkja sem fyrir eru með símenntun svo hún sé í takti við tímann***

Að mati hugveitunnar skortir sameiginlegt yfirlit yfir hæfnijafnvægi á Norðurlöndum, jafnt í dag sem til framtíðar. Við vitum að mikil vöntun verður á faglærðu fólki en við vitum ekki nógu mikið um það nákvæmlega á hvaða sviði faglært fólk mun vanta, né hvaða hæfni það þarf að búa yfir og hvaða kröfur verða um endurmenntun innan ólíkra greina.

Hugveitan telur að þörf sé á kerfi til að tryggja að mikilvægir aðilar séu upplýstir um hæfnijafnvægi innan hvers lands og á Norðurlöndum í heild til að unnt sé að grípa til

nauðsynlegra ráða í tæka tíð til að tryggja vinnuafl til framtíðar.

Það er því ekki nóg að rannsaka hversu mörgum bifvélavirkjum er þörf á. Það skiptir líka máli að uppfæra þekkingu og færni þeirra bifvélavirkja sem fyrir eru með símenntun svo hún sé í takti við tímann. Stöðugt þarf að viðhalda og uppfæra slíkt yfirlit.

Í því sambandi bendir hugveitan meðal annars á rafhlöðuframleiðslu á Norðurlöndum sem gott dæmi um vandann. Til að geta haldið í við samfélagsþróunina þurfum við að framleiða nýjar vörur og við þurfum að taka tillit til virðiskeðjunnar í heild sinni, frá framleiðslu til endurnýtingar, með áherslu á hringrásarhagkerfið. Það kallar á aukinn fjölda fræðimanna en enn meiri fjölda faglærðra til að vinna að þróun nýrra vara og markaða. Í þessu tilliti er við hæfi að skoða hve vel starfsmiðað nám er í stakk búið til að takast á við þetta í dag.



Tækifæri fyrir aukið norrænt samstarf

Starfsmiðað námi er byggt upp með ólíkum hætti á milli norrænu landanna og úrlausnarefnin eru misjöfn. Hugveitan telur því sameiginlegar lausnir fyrir alla, t.d. sameiginleg átök eða breytingar á námsleiðum, sjaldnast vera réttu leiðina. Á hinn bóginn hefur þessi mismunandi reynsla það í för með sér að löndin hafa mikil tækifæri til að læra hvert af öðru á mismunandi sviðum.

Alls leggur hugveitan til fimm verkefni:

1. Norræn nefnd um starfsmiðað nám
2. Úttekt á hæfnijafnvægi á Norðurlöndum
3. Samanburðargreining á starfsmiðuðu námi á Norðurlöndum
4. Kortlagning á þörfinni á endurmenntun
5. Samnorrænn námsvettvangur



Aðgerð 1:
Norræn nefnd um starfsmiðað nám

Það skiptir höfuðmáli að þær aðgerðir sem ráðist verður í til að gera starfsmiðað nám eftirsóttara verði markvissar og miðist við raunverulegar þarfir til þess að fjármagni verði veitt til þeirra og við tryggjum að í framtíðinni verði brugðist í tæka tíð við nýjum þörfum og úrlausnarefnum.

Í dag skortir þá aðila, sem geta gert starfsmiðað nám eftirsóknarverðara, yfirsýn yfir það á hverju er þörf. Eins og fram kemur í verkefni 2 leggur hugveitan því til að gerð verði úttekt á hæfnijafnvægi á Norðurlöndum í dag. Jafnframt er mikilvægt að þekkingin verði nýtt. Sem stendur vantar þó vettvang þar sem viðkomandi aðilar geta rætt stöðuna, skipst á þekkingu og samræmt nýjar aðgerðir jafnóðum.

Tillögur

Hugveitan leggur til að stofnuð verði nefnd um starfsmiðað nám. Móta þarf fyrirkomulag þar sem fulltrúar atvinnulífsins, starfsmenntaskóla á Norðurlöndum og Norrænu ráðherranefndarinnar hittast einu sinni eða tvisvar á ári til að ræða hvort þeir hafi aðgang að réttu hæfninni og miðla reynslu hvers lands.

Nefndin ætti meðal annars að fá það verkefni að fylgja eftir kortlagningarvinnunni sem hugveitan leggur til, sbr. næstu þrjár síður í þessari skýrslu. Fulltrúi Norrænu ráðherranefndarinnar ætti að vera tengiliður við stjórnmálakerfið.

Kostir

- Nefndin tryggir samræmingu verkefna svo unnt sé að miða þau við raunverulegar þarfir og nýta fjármagn með sem bestu hætti og stuðla að hæfnijafnvægi á Norðurlöndum.
- Hún stuðlar einnig að því að breytingar á því hvaða hæfni er þörf uppgötvist og séu ræddar í tæka tíð svo stöðugt megi tryggja að nauðsynlegum verkefnum sé hrint í framkvæmt tímanlega.
- Loks stuðlar nefndin að samhæfingu mismunandi aðila sem þurfa að vinna saman að heildstæðum og þar með sjálfbærum lausnum.

Aðgerðir

- Stofna ber nefnd með fulltrúum vinnumarkaðarins og starfsmenntaskólanna auk Norrænu ráðherranefndarinnar. Meðlimir skulu skuldbinda sig til að hittast einu sinni til tvisvar á ári.
- Lagt er til að Norræna ráðherranefndin hafi umsjón með ferlinu við val á nefndarmönnum ásamt því að ákveða umboð nefndarinnar og verklag.
- Fulltrúi (eða fulltrúar) Norrænu ráðherranefndarinnar er tengiliður við stjórnmálin, jafnt í innlendu sem norrænu tilliti eftir þörfum.

Sem stendur vantar þó vettvang þar sem viðkomandi aðilar geta rætt stöðuna, skipst á þekkingu og samræmt nýjar aðgerðir jafnóðum

Aðgerð 2:
Kortlagning á hæfnijafnvægi á Norðurlöndum

Til að tryggja að fjármagn sé nýtt með sem bestum hætti og að viðeigandi úrlausnarefni séu greind og tekist á við þau í tæka tíð er nauðsynlegt að hafa góða yfirsýn yfir hæfnijafnvægi á Norðurlöndum. Slík yfirsýn er ekki til staðar að nægilega miklu leyti í dag.

Tillögur

Hugveitan leggur til að ráðist verði í úttekt með það fyrir augum að gefa betri yfirsýn. Hvaða hæfni verður þörf á á Norðurlöndum á næstu árum svo takast megi að skapa græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd? Og að hve miklu leyti höfum við aðgang að henni? Úttektin ætti að innihalda tölur fyrir hvert land og greiningu á tækifærum til að nýta hreyfanleika þvert á Norðurlönd til að skapa samnorrænt hæfnijafnvægi.

Úttektin gæti ef til vill innihaldið tilviksrannsókn um kröfurnar sem gerðar eru til norrænnar rafhlöðuframleiðslu þar sem margar slíkar verksmiðjur eru reistar á Norðurlöndum.

Þetta er gott dæmi um það hvernig græn umskipti kalla á nýja tegund af hæfni.

Kostir

- Hægt er að greina raunveruleg úrlausnarefni svo hægt sé að hrinda í framkvæmd markvissum verkefnum til að tryggja hæfnijafnvægi á Norðurlöndum á komandi árum með það fyrir augum að styðja við Framtíðarsýn okkar 2030.

Aðgerðir

- Hefja verður kortlagninguna eins fljótt og auðið er.
- Mælt er með að Norræna ráðherranefndin leggi fram fé og velji samstarfsaðila sem getur unnið kortlagninguna (og ef til vill tilviksrannsóknina).
- Aðilinn sem sem vinnur kortlagninguna (og ef til vill tilviksrannsóknina) skal gefa skriflega skýrslu og auk þess kynna vinnuna fyrir verkkaupa og hinni nýju norrænu starfsmenntanefnd.
- Að því loknu er það verkefni norrænu starfsmenntanefndarinnar að ræða kortlagninguna og hugsanlega ýta úr vör viðeigandi verkefnum - í hverju landi fyrir sig og á norrænum vettvangi.
- Norræna ráðherranefndin og aðrir aðilar að starfsmenntanefndinni bera auk þess ábyrgð á að miðla niðurstöðum kortlagningarinnar gegnum samstarfsnet sín og eftir öðrum leiðum.

Aðgerð 3: Samanburðargreining á starfsmiðuðu námi á Norðurlöndum

Hugveitan sér mikil tækifæri í því að skiptast á þekkingu á milli Norðurlanda. Sem stendur vantar þó sameiginlegt yfirlit yfir uppbyggingu starfsmiðaðs náms í hverju landi fyrir sig og hvað það þýðir varðandi inntöku, úthald, vinnu að loknu námi o.s.frv. Slíkt yfirlit er nauðsynlegt til að við getum miðlað þekkingu og verið hvert öðru hvatning í framtíðinni.

Tillögur

Hugveitan leggur til að unnin verði samanburðargreining á starfsmiðuðu námi á Norðurlöndum. Líta ber til: Aldurs, kyns, bakgrunns í námi (varðandi inntöku), brottfalls í tengslum við námið, þ.e. hversu mörg falla brott, og hvenær, samsvörunar við vinnumarkaðinn og hversu fljótt nemendur geta fengið starf að

námi loknu. Einnig ætti slík greining að taka til atriða er varða skipulag námsins, svo sem uppbyggingu, fyrirkomulag, kostnað, fjármögnun og opinberan kostnað.

Greiningunni er m.a. ætlað að finna þá aðila sem best gengur á tilteknum sviðum, svo sem varðandi inngildingu, aukinn inntökufjölda og samsvörun ásamt því að kortleggja hvað það er sem skilar þessum árangri.

Kostir

- Greining á sviðinu beinir nauðsynlegri athygli að stærstu almennu áskorununum og að því hvar stærstu vandamálin er að finna.
- Um leið verður með greiningunni hægt að miðla bestu starfsvenjum á öllum Norðurlöndum.

Aðgerðir

- Hefja verður kortlagninguna eins fljótt og auðið er.
- Mælt er með að Norræna ráðherranefndin leggi fram fé og velji samstarfsaðila sem getur unnið kortlagninguna hratt.
- Aðilinn sem sem vinnur kortlagninguna skal gefa skriflega skýrslu og auk þess kynna vinnuna fyrir verkkaupa og hinni nýju norrænu starfsmenntanefnd.
- Að því loknu er það verkefni norrænu starfsmenntanefndarinnar að ræða kortlagninguna og hugsanlega ýta úr vör viðeigandi verkefnum - í hverju landi fyrir sig og á norrænum vettvangi.
- Norræna ráðherranefndin og aðrir aðilar að starfsmenntanefndinni bera auk þess ábyrgð á að miðla niðurstöðum kortlagningarinnar gegnum samstarfsnet sín og eftir öðrum leiðum.

Sem stendur vantar þó sameiginlegt yfirlit yfir uppbyggingu starfsmiðaðs náms í hverju landi fyrir sig og hvað það þýðir varðandi inntöku, úthald, vinnu að loknu námi o.s.frv.

Aðgerð 4:
Kortlagning á þörfinni á endurmenntun

Skortur mun verða á fagmenntuðu vinnuafli á Norðurlöndum. Því er mikilvægt að nýta og halda í það faglærða vinnuafl sem við höfum. Í flestum starfsgreinum er þróunin sífellt hraðari og kallar á nýja hæfni hjá hverjum og einum einstaklingi, sem stöðugt þarf að viðhalda starfshæfni sinni. Í dag leika vinnuveitendur stærsta hlutverkið í þessu samhengi en of fáir fagmenntaðir einstaklingar hljóta eftirmenntun í nægilegum mæli.

Á vinnumarkaði verður vart við skort á þeirri hæfni sem þörf er á. Það þýðir einnig að of margt fólk á á hættu að verða atvinnulaust vegna þess að menntun þeirra úreldist. Að mati hugveitunnar þarf að setja aukinn kraft í símenntun þeirra sem fyrir eru faglærðir.

> ***Í flestum starfsgreinum er þróunin sífellt hraðari og kallar á nýja hæfni hjá hverjum og einum***

Jafnframt er mikilvægt að iðn- og starfsmenntaskólarnir leggi áherslu á að byggja námið upp í takti við tímann þannig að frá upphafi sé miðað við að námið sé aðeins byrjun á námi sem mun standa æfina á enda.

Takast verður á við þessar áskoranir til þess að hægt sé að hefja markvissar aðgerðir. Hins vegar vantar yfirsýn yfir þörf á símenntun innan mismunandi starfsgreina, nú og í framtíðinni. Þá vantar yfirsýn yfir ólík starfssvið og bestu starfsvenjur í einstökum löndum sem gæti orðið öðrum innblástur.

Tillögur

Hugveitan mælir með að umfang framangreindra áskorana verði kortlagt. Greiningin skal sýna fram á hver munurinn er milli landa og milli námsleiða. Mælt er með því byrjað verði á 25 til 50 mikilvægustu námsleiðunum. Í kortlagningunni skal koma fram hvar hlutirnir eru best gerðir og hvað veldur því að svo sé.

Kostir

- Greining á sviðinu beinir nauðsynlegri athygli að stærstu almennu áskorununum og að því hvar stærstu vandamálin er að finna.
- Um leið verður með greiningunni hægt að miðla bestu starfsvenjum á öllum Norðurlöndum.

Aðgerðir

- Hefja verður kortlagninguna eins fljótt og auðið er.
- Mælt er með að Norræna ráðherranefndin leggi fram fé og velji samstarfsaðila sem getur unnið kortlagninguna hratt.
- Aðilinn sem sem vinnur kortlagninguna skal gefa skriflega skýrslu og auk þess kynna vinnuna fyrir verkkaupa og hinni nýju norrænu starfsmenntanefnd.
- Að því loknu er það verkefni norrænu starfsmenntanefndarinnar að ræða kortlagninguna og hugsanlega ýta úr vör viðeigandi verkefnum - í hverju landi fyrir sig og á norrænum vettvangi.
- Norræna ráðherranefndin og aðrir aðilar að starfsmenntanefndinni bera auk þess ábyrgð á að miðla niðurstöðum kortlagningarinnar gegnum samstarfsnet sín og eftir öðrum leiðum.

Aðgerð 5: Samnorræn vefsíða með yfirliti yfir námsframboð

Á Norðurlöndum höfum við í Framtíðarsýn 2030 sett okkur það metnaðarfulla markmið að verða samþættasta svæði heims. Í því felst meðal annars að hreyfanleiki Norðurlandabúa sé eins mikill og frekast er unnt. Það verður að byrja strax hjá unga fólkinu sem ætti eins og kostur er að geta valið nám alls staðar á Norðurlöndum. Þetta skiptir meðal annars máli á landamærasvæðum. Hins vegar verður þá að kynna ungmennunum tækifærin sem eru fyrir hendi í öðrum löndum en því sem þau eru búsett í. Það er almennt ekki gert nú.

> ***Það verður að byrja strax hjá unga fólkinu sem ætti eins og kostur er að geta valið nám um öll Norðurlönd.***

Tillögur

Hugveitan mælir með því að komið verði upp sameiginlegri norrænni vefsíðu með yfirliti yfir námsframboð. Þar ætti á einum stað að vera yfirlit yfir námstækifæri í öllum iðn- og starfsmennaskólum á Norðurlöndum. Auk þess ættu þar að vera upplýsingar um hvernig nemendur sem vilja stunda nám að hluta eða öllu leyti í öðru norrænu landi eiga að bera sig að.

Kostir

- Aukinn hreyfanleiki og meiri tækifæri fyrir hvern og einn.
- Ungmenni eru strax í æsku minnt á tækifærin sem þau eiga til að búa, starfa og stunda nám í öðru norrænu landi og geta kynnt sér þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að svo geti orðið. Jafnvel þó að þau nýti ekki þetta tækifæri í tengslum við starfsmenntun sína þá getur þetta stuðlað að auknum hreyfanleika þeirra - og þar með að hreyfanleika þeirra yfirleitt vinnumarkaði síðar á lífsleiðinni.

Aðgerðir

- Velja ber aðila til þess að vinna kortlagningu á þeim upplýsingum sem þurfa að vera til staðar á vefsíðunni og hafa viðmót hennar þannig að hún veiti einfalt og aðgengilegt yfirlit.
- Vefsíðan á að vera þannig uppbyggð að viðráðanlegt sé að halda henni við þegar breytingar verða á námstilboðum í löndunum.
- Hægt væri að gera nýju norrænu starfsmenntanefndina ásamt Info Norden og aðrar upplýsingaþjónustur sem heyra undir Norrænu ráðherranefndina samábyrg um að miðla upplýsingum um vefsíðuna til þeirra sem við á - þar með talið að tryggja að kennarar og námsráðgjafar í norrænum grunnskólum þekki hana.
- Upplýsingaþjónusturnar sem heyra undir norrænu ráðherranefndina gætu til dæmis séð um rekstur og viðhald vefsíðunnar þegar þróunarverkefninu er lokið.

Viðauki

Þátttakendur í hugveitunni

Ráðgjafateymi

Lesefni

Þátttakendur í hugveitunni

Hér að neðan eru stuttir kynningartextar um hvern þátttakanda í hugveitunni.

Jorodd Asphjell, forsætisnefnd, Norðurlandaráð
Situr á norska þinginu fyrir hönd Verkamannaflokksins og er fulltrúi í mennta- og rannsóknanefnd. Heimafyrir sat hann í sveitarstjórn í Orkdal frá 1983 til 1987 og var seinna varasveitarstjóri þar frá 1999 til 2003. Í Norðurlandaráði er er hann í flokkahópi jafnaðarmanna og er starfandi formaður landsdeildar Noregs og situr í forsætisnefnd.

Mia Bernhardsen, Svenskt Näringsliv
Er pólitískur sérfræðingur sem hefur lagt áherslu á starfshæfni og bar meðal annars ábyrgð á starfsráðningarannsókn Svänskt Näringsliv frá 2020. Leggur áherslu á þróun starfshæfni, raunfærnimat og margbreytileika. Skrifar auk þess á bloggsíðuna Kompetensförsörjning: www.svensktnaringsliv.se/blogg/kompetensforsorjning.

Liv Kari Eskeland, hagvaxtar- og þróunarnefnd, Norðurlandaráð
Situr á norska þinginu fyrir hönd Hægriflokksins. Hún var sveitarstjóri í Stord frá 2007 til 2015 og kom inn á norska þingið sem varaþingmaður á árunum 2017 til 2021 en það ár hlaut hún kosningu á þingið. Var áður yfirmaður Link Signatur AS, verkefnastjóri hjá Unitech og var í stjórn norsku málnefndarinnar. Hún situr í flokkahópi hægrimanna í Norðurlandaráði og í hagvaxtar og þróunarnefnd.

Magnus Gissler, NFS – Samband norrænna verkalýðsfélaga
Er framkvæmdastjóri NFS. Vann áður hjá fagfélagi sambands sænskra embættis- og háskólamanna. NFS er samstarfsvettvangur fagfélaga og landssambanda stéttarfélaga á Norðurlöndum. Aðildarsamböndin eru 15 og að baki þeim stendur 8,5 milljón vinnandi fólks í norrænum stéttarfélögum. Markmið samtakanna er að tryggja náið samstarf milli aðila samtakanna og styðja við hagsmunamál félagsmanna verkalýðsfélaganna - með miðlun reynslu, að vera málsvari og vinna saman að sameiginlegum markmiðum.

Bertel Haarder, forsætisnefnd, Norðurlandaráð
Danskur stjórnmálamaður sem situr á þingi fyrir hönd Venstre. Hann var fyrst kjörinn á þing 1975 og hefur síðan gegnt fjöldamörgum trúnaðar-og ráðherraembættum. Hann var meðal annars menntamálaráðherra í meira en 15 ár og var norrænn samstarfsráðherra frá nóvember 2007 til febrúar 2010. Hann situr í flokkahópi miðjumanna í Norðurlandaráði. Hefur gegnum árin gegnt ýmsum

embættum í Norðurlandaráði, var meðal annars forseti árið 2021.

Mirja Hannula, EK – Finlands Näringsliv
Var ráðgjafi hjá EK í meira en 15 ár – síðustu tvö árin stefnumótunarráðgjafi með áherslu á hæfni, stafvæðingu og mannauðsstjórnun Situr auk þess í stjórn Kiipulasäätiö - iðn- og starfsmenntaskóla í Turenki í Suður-Finnlandi.

Ole Heinager, Danske Erhvervsskoler og -Gymnasier
Er framkvæmdastjóri NEXT – Uddannelse í Kaupmannahöfn og formaður félags stjórnenda í dönskum iðn- og starfsmenntaskólum og menntaskólum (DEG-L). Á báðum þessum hlutverkum vinnur hann að því að auka aðdráttarafl starfsmenntunar til að ná til fleiri ungmenna og fyrir vinnumarkað framtíðarinnar. Leggur mikla áherslu á sjálfbærni og græn umskipti ásamt tæknigreinar og hæfni til framtíðar. Ole Heinager telur að aukin alþjóðavæðing sé meðal þess sem getur örvað ungt fólk til að sækja sér starfsmenntun.

Veronika Honkasalo, þekkingar- og menningarnefnd, Norðurlandaráð
Situr á finnska þinginu fyrir hönd Vasemmistoliitto, er sveitarstjórnarfulltrúi, stjórnmálafræðingur og stundar rannsóknir á málefnum ungs fólks. Í Norðurlandaráði situr hún í flokkahópnum Norrænum vinstri grænum og í þekkingar- og menningarnefnd.

Hildur Ingvarsdottir, Tækniskólinn
Hefur verið skólastjóri Tækniskólans í Reykjavík í rúm fjögur ár. Skólin býður fyrst og fremst upp á iðn- og starfsnám. Nemendur skólans eiga þess þó kost að ljúka námi með stúdentsprófi og margir velja að stunda slíkt nám meðfram starfsnáminu. Hún er með próf í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og með MASc í vélaverkfræði frá University of British Columbia i Canada. Auk þess tók hún kennsluréttindi fyrir framhaldsskólastig 2003.

Milla Järvelin, NFS – Samband norrænna verkalýðsfélaga
Er stefnumótunarráðgjafi hjá NFS og hefur áður unnið meðal annars sem verkefnastjóri ESB-mála hjá Sveriges Kommuner og verkefnastjóri alþjóðamála hjá Sveriges läkarförbund. NFS er samstarfsvettvangur fagfélaga og landssambanda stéttarfélaga á Norðurlöndum. Aðildarsamböndin eru 15 og að baki þeim stendur 8,5 milljón vinnandi fólks í norrænum stéttarfélögum. Markmið samtakanna er að tryggja náið samstarf milli aðila samtakanna og styðja við hagsmunamál félagsmanna verkalýðsfélaganna – með miðlun reynslu, að vera málsvari og vinna saman að sameiginlegum markmiðum.

Leif Lahti, Utbildning Nord
Hefur verið forstöðumaður Utbildning Nord í rúmlega sex ár en var áður mannauðsstjóri og varaforstjóri þar í meira en 11 ár. Utbildning Nord er staðsett í Övertorneå í Norður-Svíþjóð og það er boðið upp á samnorrænt nám. Boðið er upp á starfsmenntun fyrir finnskan, norskan og sænskan vinnumarkað. Um 500 norskir,

sænskir og finnskir nemendur koma saman hjá Utbildning Nord ár hvert. Í skólanum er boðið upp á um 30 mismunandi starfsnámsleiðir sem eru aðlagaðar kröfum í löndunum þremur.

Pär Lundström, Installatörsföretagen
Er aðalráðgjafi i Installatörsföretagen með áherslu á stefnu í atvinnumálum og uppbyggingu hæfni. Hann vinnur að hæfnimálum frá ýmsum sjónarhornum út frá þróun markaðurins í tengslum við loftslagsbreytingar. Hann er fulltrúi Svensk Næringsliv í Cedefops Management Board. Auk þess er hann virkur í Skills4Climate - EuropeOn (europe-on.org).

Annika Lyytikäinen, Norðurlandaráð æskunnar
Situr í stjórn Norðurlandaráðs æskunnar og er félagi í ungmennasamtökum flokks kristilegra demókrata í Finnlandi. Var starfandi formaður ungmennasamtaka kristilegra demókrata í Finnlandi 2020-2022. Hún lauk BA-námi í tónlist frá Sibelíusarakademíunni 2018 og hefur auk þess lokið grunnnámi í hagfræði frá sænska verslunarháskólanum Hanken í Finnlandi.

Vibeke Hammer Madsen, stjórnsýsluhindranaráð, Norræna ráðherranefndin
Er formaður stjórnsýsluhindranaráðs 2022. Var meðal annars framkvæmdastjóri landssamtakanna Virke á árunum 2002 til 2018. Áður en hún tók við starfinu hjá Virke (sem þá var nefnt HSH) vann hún hjá PA Consulting Group. Þar var hún meðeigandi og bar ábyrgð á málaflokknum „People, Organisation & Change". Auk þess hefur hún setið í fjölmörgum stjórnum fyrirtækja.

Claes Håkansson, hagvaxtar- og þróundarnefnd, Norðurlandaráð
Er aðalráðgjafi hagvaxtar- og þróunarnefndar Norðurlandaráðs. Var áður aðalráðgjafi stjórnsýsluhindranaráðs hjá Norrænu ráðherranefndinni, aðalráðgjafi hjá Öresundskomiteen og sérfræðiráðgjafi hjá Øresunddirekt.

Michael Matz, þekkingar- og menningarnefnd, Norðurlandaráð
Er aðalráðgjafi þekkingar- og menningarnefndar Norðurlandaráðs. Var áður aðalráðgjafi hjá Norrænu ráðherranefndinni og sinnti þar eftirfarandi verkefnum: Norrænar menningarstofnanir, stefnumótun norræns menningarsamstarfs og norrænna fjárframlaga til menningarmála. Auk þess hefur hann meðal annars verið verkefnastjóri hjá Kulturrådet - Swedish Arts Council.

Kjell-Arne Ottosson, hagvaxtar og þróunarnefnd, Norðurlanaráð
Hefur setið á sænska þinginu fyrir hönd kristilegra demókrata síðan 2018. Áður en hann settist á þing var hann meðal annars virkur í sveitarstjórnarmálum í sveitarfélaginu Årjäng. Í Norðurlandaráði er situr hann í hagvaxtar og þróunarnefnd.

Claus Rosenkrands, Dansk Erhverv
Hefur verið forstöðumaður alþjóðamála hjá Dansk Erhverv síðastliðin sjö ár. Hann

ber ábyrgð á stefnumótunarvinnu Dansk Erhverv varðandi grunnskóla, iðn-og starfsnám, og starfsmenntanám, ráðgjöf og tengslum milli grunnskóla og iðn-og starfsnáms. Var áður meðal annars fulltrúi í danska menntamálaráðuneytinu og aðalráðgjafi hjá DI -Dansk Industri með áherslu á stefnumótun, greiningar og fjölmiðla og samskipti.

Lulu Ranne, forsætisnefnd, Norðurlandaráð
Er í þingflokki Finnlandssama í finnska þinginu. Hún er varaformaður þingflokksins. Er varaformaður Norðurlandaráðs 2022 og hefur setið í ráðinu síðan 2019. Í Norðurlandaráði er hún í flokkahópnum Norrænt frelsi og starfar sem formaður stjórnsýsluhindranahóps Norðurlandaráðs og varaformaður landsdeildar Finnlands í Norðurlandaráði. Auk þess er hún í forsætisnefnd.

Tormod Skjerve, Skjerve Kompetanse
Hefur unnið að stefnumótun um menntun og hæfni í landssamtökunum Virke í meira en 20 ár. Hefur setið í landsráði Noregs fyrir fag- og starfsnám, fagskólaráði og nefnd um hæfniþörf. Auk þess hefur hann verið sérfræðingur hjá Cedefop í þrjú ár og er tilnefndur af framkvæmdastjórn ESB í ráðgjafa- og sérfræðingahópa. Hann var deildarstjóri í HSH, samtökum verslunar- og þjónustu í Noregi, og bar þar ábyrgð á menntastefnu og þróun stefnumótunar um símenntun innan fyrirtækja.

Ráðgjafateymi

Hugveitan um starfsmennun hafði aðgang að ráðgjafateymi. Meðlimir teymisins voru valdir vegna fagþekkingar sinnar um eitt eða fleiri málefni sem máli skiptu. Jafnframt var verkefni ráðgjafateymisins að taka þátt í að tryggja að niðurstöður hugveitunnar væru metnar og gerðar við þær athugasemdir frá öllum sjónarhornum sem máli skiptu – meðal annars voru fulltrúar frá mismunandi löndum – til að tryggja að mikilvæg landsbundin blæbrigði skiluðu sér í tillögum hugveitunnar.

Meðlimir ráðgjafateymisins voru:

- André Kristiansen, Mesterbrev, aðalráðgjafi
- Karl Gunnar Kristiansen, Utdanningsdirektoratet, aðalráðgjafi í sanngirnisbóta- og fagnámsdeild
- Leif Pääjärvi, stefnumótun um menntamál, Utbildning Nord
- Petri Suopanki, Norræna ráðherranefndin, aðalráðgjafi um stjórnsýsluhindranir
- Jens Oldgard, Norræna ráðherranefndin, aðalráðgjafi í þekkingar- og velferðardeild
- Peder de Thurah Toft, Norræna ráðherrranefndin, aðalráðgjafi í þekkingar- og velferðardeild
- Nina Kreutzman, Rakennusliitto – Byggnadsförbundet, sérfræðingur í alþjóðamálum
- Christer Carlssson, Byggnads. Ábyrgur fyrir starfsnámi
- Pontus Bostrøm, Elektrikerförbundet, 2. varaformaður
- Are Solli, EL og IT Forbundet, ritari samtakanna
- Kristian Ilner, Fellesforbundet, ráðgjafi
- Gunde Odgaard, BAT-kartellet, skrifstofustjóri
- Hanna Lindstrøm, Dansk El-forbund, ritari samstakanna

Framlag ráðgjafateymisins fólst í að benda á mikilvægt lesefni og umræðuefni. Auk þess var hægt að virkja einstaka aðila teymisins þegar hugveitan þurfti faglega sérþekkingu. Leitað var til eftirfarandi aðila teymisins vegna sérþekkingar sem hugveitan þurfti á að halda í vinnu sinni: Leif Pääjärvi, Petri Suopanki, Jens Oldgard og Peder de Thurah Toft.

Loks átti allt ráðgjafateymið þess kost að gera athugasemdir sem sneru að leiðréttingum á staðreyndavillum og að leggja til smávægilegar áherslubreytingar í lokaskýrslunni.

Lesefni

Áður en hugveitan var sett á laggirnar safnaði verkefnahópurinn upplýsingum um lesefni sem til væri á þessu sviði og safnaði saman því sem mestu máli skipti þannig að allir þátttakendur í hugveitunni og rágjafateyminu hefðu aðgang að að lesefni á þeim sviðum sem hvert og eitt þurfti á að halda.

Auk þess voru allir þátttakendur í hugveitunni og ráðgjafateymið hvatt til þess að skiptast á greinum, skýrslum, vefsíðum og öðru lesefni sem máli skipti. Þetta var gert í sameiginlegum hópi á Microsoft Teams.

Hér að neðan er að finna lista yfir það lesefni sem sameiginlega var byggt á:

- Damm, Emilie Agner; Jensen, Troels Lund; Hansen, Freja Thim: Danmark mangler 99.000 faglærte i 2030 (AE - Arbejderbevægelsens Erhvervsråd, 2021)
- Danske Erhvervsskoler og -Gymnasier: Nye oplysningsvideoer om eud, eux, hhx og htx (Danske Erhvervsskoler og -Gymnasier, 2022)
- DEA, 2022: Kvalitet i erhvervsuddannelserne (DEA, 2022)
- Fafo - Fag- og yrkesopplæring: Migrasjon og integrasjon (Database over diverse rapporter) (Fafo - Fag- og yrkesopplæring, ikke dateret) www.fafo.no/forskningstema/migrasjon-og-integrasjon/fag-og-yrkesopplaering
- Futures, Hanne Shapiro; Andersen, Tine; Larsen, Kristine Nedergaard: A European Approach to Micro-Credentials - Output of the Micro-Credentials Higher Education Consultation Group (European Commission, 2020)
- Hersom, Henrik; Andersen, Ole Dibbern; Østergaard, Jørgen Theibel; Allermand, Geert: Stolthed i erhvervsuddannelserne – resultater af en undersøgelse (Danish University Colleges, 2019)
- Installatörsföretagen: Kompetensrapporter (diverse rapporter) (Installatörsföretagen)
- Pedersen, Troels Beha: Det offentlige svigter på mål om lærepladser – private virksomheder leverer (Børsen, 2022)
- Rambøll: Kortlægning af brancheregulerede barrierer for mobilitet i Norden (Nordisk Ministerråd, 2020)

- Simonsson, Angelica: Vocational education and training in the Nordic countries, Knowledge and interventions to combat gender segregation (Nordic Council of Ministers, 2022)
- Skills Finland: Attitydundersökning om yrkesutbildningen (Skills Finland, 2020) www.skillsfinland.fi/se/aktuellt/publikationer-materialbank/attitydundersokning-om-yrkesutbildningen
- Slåtto, Torhild: "Kompetansebalanse" - Viðtal við Tormod Skjerve (NVL - Nordisk Netværk for Voksnes Læring, 2019)
- Svenskt Näringsliv: Framtidens yrkesutbildning - Ge branscherna makten (Svenskt Näringsliv, 2022)
- Svenskt Näringsliv: Resultatanalys för yrkesutbildningen (Svenskt Näringsliv, 2020)
- Svenskt Näringsliv: Företagen är Sveriges största utbildningsaktör för vuxna, (Svenskt Näringsliv, 2019)
- Svenskt Näringsliv: Kompetensförsörjning för klimatomställningen (Svenskt Näringsliv, 2021)
- TEKNIQ Arbejdsgiverne: Branding af uddannelserne (TEKNIQ Arbejdsgiverne, ikke dateret) www.tekniq.dk/brancheviden/uddannelserne/branding-af-uddannelserne/
- Undervisnings- och kulturministeriet; Skills Finland: I den yrkesinriktade utbildningen studerar du för livet och arbetslivet (Undervisnings- och kulturministeriet och Skills, ódagsett) www.ammattiosaaja.fi/
- Zweigbergk, Amelie von: Yrkesutbildningar – sju europeiskaexempel (Svenskt Näringsliv, 202)

Um ritið

Spennandi starfsmiðað nám á Norðurlöndum

Nord 2022:030

ISBN 978-92-893-7477-4 (PDF)
ISBN 978-92-893-7478-1 (ONLINE)
http://dx.doi.org/10.6027/nord2022-030

© Norðurlandaráð 2022

Kápumynd: Simon Kadula/Unsplash.com
Aðrar myndir: Unsplash.com

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norðurlandaráð
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org

Lesa fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur